

Mál nr. 63/2014**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysátryggingar.****Kona slasaðist er hún kom út af veitingastað, fékk aðsvif og datt á gangstétt.****Gögn.**

28. Málskot, móttakið 27.2.2014, ásamt fylgigögnum.
29. Bréf X, dags 31.3.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að kvöldi 3.11.2012 er M kom út af veitingastað í Reykjavík fékk hún aðsvif með þeim afleiðingum að hún féll af lágum dyravalli og lenti með andlitið á steyptri gangstétt, en veður hafi verið kalt og hryssingslegt, að því er fram kemur í málskoti. Við fallið hlaut M hásmænuskaða, C7 heilkenni, vegna tognunar á háls hryggjarliðum ásamt broti á hryggendi C6 hryggjarliðar. M var flutt á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahús í Fossvogi þar sem hún var fyrst til meðferðar en síðan innlögð á endurhæfingardeild spítalans.

Meðal gagna málsins eru tvö læknisvottorð L, sérfræðings í taugasjúkdómum, endurhæfingardeild LSH að Grensási, hið fyrra dagsett 6.5.2013 og hið síðara 14.10.2013 og ber það yfirskriftina „Athugasemdir við ákvörðun vegna frítímaslyss“. Í fyrra vottorði L segir: „Allt bendir til að hún hafi hlotið hnykk á háls hrygg í fallinu sem olli háls mænuskaða og lömun. Það var aftakaveður þetta kvöld, mikill kuldi og rok úti fyrir, gríðarleg hitastigsbreyting er ein margra hugsanlegra samverkandi orsaka sem gæti skjórt þetta yfirlit, sem ber með sér öll dæmigerð einkenni s.k. vasovagal syncope.“ Í seinna vottorði L segir m.a.: „Ekkert er vitað með vissu hvað olli þessu falli. Túlkun hinnar slösudu að hún hafi fundið fyrir aðsvifi og yfirlitáfinningu getur samræmst því að gríðarleg hitastigsbreyting ásamt roki, kulda, snjókomu og öðrum ytri þáttum gæti hafa átt þátt í orsakakeðjunni sem leiddi til þessa slyss, en aftur á móti er það einnig vel þekkt að einstaklingar sem hljóta framvirkt (og þá oftast líka afturvirkt) minnistap (anterograd og retrograd amnesia) vegna höfuðáverka upplifa það oft sem þeir gliðni inn í meðvitundarleysi. Þess vegna er augljóst að alvarlegt slys hafi átt sér stað, en það er erfitt að segja með vissu hvaða utanaðkomandi atvik olli þessu slysi.“

Á slysdegi hafði M í gildi hjá X heimilistryggingu, en í þeirri vátryggingu er innifalin sérstök frítímaslysátrygging. M hefur krafist bóta úr slysátryggingu þessari hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 19. gr. þeirra skilmála sem um vátrygginguna gilda segir að félagið greiði bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstorf, við skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, enda leiði það m.a. til varanlegrar örorku. Í ákvæðinu segir einnig að með orðinu slys sé hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. M hefur sönnunarbyrðina um að öllum skilyrðum sé fullnægt þannig að meiðsl þau sem hún hlaut í umrætt sinn falli undir hugtakið slys í skilningi vátryggingarskilmálanna, þ. á m. að hún hafi orðið fyrir meiðslunum af völdum utanaðkomandi atburðar. M hefur haldið því fram að hún hafi fengið aðsvif vegna mikilla hitabreytinga sem urðu við það að fara úr hita inni á

veitingastaðnum og út í mjög kalt veður. Þessu til stuðnings hefur M vísað til fyrrgreindra læknisvottorða L. Ekkert liggur fyrir um veður á slystað, t.d. vottorð veðurstofu, þegar slysið varð. Engin gögn liggja heldur fyrir um hitamun í umrætt sinn annars vegar inni á veitingastaðnum og hins vegar fyrir utan hann. Hvorki af vottorðum L né öðrum gögnum málsins verður talið nægilega sannað að aðsvifið verði rakið til utanaðkomandi atburðar þannig að um slys hafi verið að ræða í skilningi váttryggingarskilmálanna. Af því leiðir að tjónið bætist ekki úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.